

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

*Skammbeinsstaðir 1D, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 10. desember 2020 tillögu að deiliskipulagi fyrir Skammbeinsstaði 1D. Gert verði ráð fyrir íbúðarhúsi, gestahúsi, gripahúsi og vélaskemmu. Aðkoma verði af Hagabraut (286). Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Bakkaflöt, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 10. desember 2020 tillögu að deiliskipulagi fyrir Bakkaflöt. Gert verði ráð fyrir byggingu frístundahúss ásamt tilheyrandi gestahúsi og geymslu, samanlagt allt að 128 m<sup>2</sup>. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Leynir 2 og 3, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 12. nóvember 2020 tillögu að deiliskipulagi fyrir Leyni 2 og 3. Skipulagið nær til um helnings svæðisins eða um 15 ha. Á svæðinu hefur verið rekið tjaldsvæði um árabil. Áformuð er bygging móttókuhúss, veitingahúss og gestahúsa til útleigu. Mannvirki verða á einni hæð. Deiliskipulagið tekur til aðkomu, bygginga, landnotkunar, veitukerfa og yfirbragðs svæðisins. Aðkoma að svæðinu er frá Landvegi (26) um Stóru-Vallaveg (2802) annars vegar og um Stóra-Klofaveg (2799) hins vegar. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hellu, 14. janúar 2021.*

F.h. Rangárþings ytra,

**Birgir Haraldsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 28. janúar 2021